

Alhliða veiðarfæraþjónusta í höndum fagmanna

- Veiðarfæraþjónusta
- Gúmmibátaþjónusta
- Fiskeldisþjónusta

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími:4700 800 Fax:4700 801

FJARÐANET

Neskaupstaður / Fáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is fjardanet@fjardanet.is Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

1. tölublað
1. árgangur

VESTFIRÐINGUR

— 7. DESEMBER 2017 —



Aðventan hófst um síðustu helgi og jólasvipurinn færir jafnt og þétt yfir byggðirnar. Þessa fallegu mynd af Ísafirði tók Guðjón M. Þorsteins-son. Jólátrésskemmtun félags Árneshreppsþúa var haldin um síðustu helgi þar sem ungir sem aldnir skemmtu sér við græskulaust gaman og ánægjuna af því að hittast. Á sunnudaginn verður á Ísafirði aðventufagnaður Grunnvíkingafélagsins í Sigurðarbúð og hefst kl 15. Síðan mun hver atburðurinn tengdur jólahaldinu reka annan í öllum bæjum og þorpum á Vestfjörðum.

Vextir
lækkandi



**RANDALÍN: NÝR
GEISLADISKUR**



Kómedían
fær gjöf



SFR ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐUM OG/EÐA SUMARHÚSUM TIL LEIGU

SFR - stéttarfélag í almannajónustu óskar eftir íbúðum eða sumarhúsum á Ísafirði eða nágrenni til framleigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2018. Einungis fullfrágengið húsnæði í góðu ásigkomulagi kemur til greina og lóðir þurfa einnig að vera fullfrágengnar.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Margrétar á netfangið dora@sfr.is fyrir 1. jan. næstkomandi.

Allar almennar upplýsingar verða að koma fram, s.s. verð, almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. auk mynda. Öllum tilboðum verður svarað.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

Tilbúið á jóllaborðið!

- » Rabarbarasulta
- » Greni- og fíflasíróp
- » Rabarbarakaramellur

RABARBÍA


Löngumýri, 801 Selfoss
Kjartan H. Ágústsson, sími 486 5581 / 893 5518
rabarbía@rabarbía.is



Leikfélag Akureyrar lýsir Kómedíuna upp

Það logar sannlega vel í listinni á millum norður og vesturs þessa dagana. Um daginn barst atvinnuleikhúsi Vestfjarða, Kómedíuleikhúsinu, lýsandi gjöf frá atvinnuleikhúsi norðurlands, Leikfélagi Akureyrar. Ekkert minna en heilt bretti af ljósum vel yfir tíu kastara en fyrir vorum í Kómedíuleikhúsinu 6 kastarar. Svo nú má segja að hægt sé að upplýsa sýningar Kómedíuleikhússins hér eftir og til framtíðar. Enda gengur Kómedíufólk bara í ljósum logum þessa dagana og geta bara ekki lýst því hversu þakklát þau eru þessari lýsandi gjöf Leikfélags Akureyrar. Það er næsta víst að hér tengjast þessi tvö atvinnuleikhús landsbyggðarinnar í glímu sinni við listina og ætli þetta sé bara ekki upphafið að frekari samstarfi.

Víst skal það nefna að atvinnuleiklist á landsbyggð hefur ekki náð mjög til eyrna menningarmálaráðherra síðustu áratuga. En nú er kominn nýr í stólinn og óskandi er að breytingar verði á sinnuleysi ráðuneytis menningarmála til handa ekki bara atvinnuleiklist á lands-



byggð heldur list almennt á landsbyggðinni. Víst mundi það lýsa upp listina í landinu ef breyting verður til batnaðar í sjálfu menningarráðuneyti þjóðarinnar á atvinnulistum á landsbyggð. Það má nú alveg láta sig dreyma svona rétt fyrir jól eigi væri verra að fá lýsandi gjöf.

Vestfirðingur – nýtt blað

Með þessi blaði hefur Vestfirðingur göngu sína. Það kemur í stað blaðsins Vestfirðir. Eigandi blaðsins Vestfirði er Pressan ehf og ný stjórn fyrirtækisins hefur stöðvað útgáfu þess og tilkynnt að óskað verði eftir gjaldþrotaskiptum félagsins. Að sögn Ámunda Ámundasonar, sem stofnaði blaðið ásamt fleirum landhlutablöðum og seldi útgáfuréttinn til Pressunnar ehf fyrir tveimur árum, stóðu blöðin alla tíð undir sér. Vandí Pressunnar ehf er því ekki tilkominn vegna útgáfu blaðanna.

Ámundi Ámundason hefur ákveðið að hefja útgáfu nýrra blaða með svipuðu sniði og verið hefur. Blaðið Vestfirðingur kemur nú út í fyrsta sinn. Það mun koma út aðra hverja viku og verður dreift í hvert hús á Vestfjörðum. Þá verður raf-ræn útgáfa aðgengileg á vefnum fótspor.is. Eigandi blaðsins er félagið Fótspor ehf. Útgefandi er Ámundi Ámundason og ritstjóri Kristinn H. Gunnarsson. Netfang ritstjóra er kristinn@kristinn.is.

Blaðið mun einbeita sér að



vestfirskum fréttum og öðru því sem ætla má að eigi erindi til Vestfirðinga og annarra landsmanna. Blaðið er opið fyrir aðsendu efni, greinum, fréttum af viðburðum og öðru sem menn vilja koma á framfæri. Sérstaklega er boðið upp á birtingu minningargreina og afmælisgreina. Sérstaða blaðsins er að það fer inn á hvert heimili í fjórðungnum og vandfundinn er betri vettvangur fyrir fréttir eða auglýsingar.

ritstjóri.



Flott jólaflöt, fyrir flottar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ENGIN RÆKJUVEIÐI Í ARNARFIRÐI OG DJÚPINU Í VETUR

Hafrannsóknarstofnun leggur til í samræmi við varúðarsjónarmið að rækjuveiðar verði ekki heimilaðar í Arnarfirði og Ísafjardardjúpi fiskveiðarárið 2017/2018.

Samkvæmt stofnmælingu haustið 2017 er stærð rækjustofnsins í Arnarfirði í sögulegu lágmarki og undir varúðarmörkum. Vísitala veiðihlutfalls hefur sveiflast frá 2007 en lækkað frá árinu 2014. Í Ísafjardardjúpi mældist rækjustofninn undir skilgreindum varúðarmörkum. Vísitala veiðihlutfalls hefur lækkað eftir aldamót og var hæst 0.7 árið 2012.

Í Arnarfirði er nýliðunarvísitala langt undir meðallagi og lítið af 1 árs rækju fékkst í stofnmælingunni. Niðurstöður stofnmælingarinnar benda því til að stofninn muni haldast lítil á næstu árum. Lítið mældist af þorski og ýsu miðað við árin 2004–2016. Nýliðunarvísitala í Ísafjardardjúpi var langt undir meðallagi árin 2016 og 2017. Stofnvísitalan hefur farið stöðugt lakkandi frá 2012. Stofnmælingin bendir því til að stofninn muni ekki stækka á næstu árum. Vísitala þorsks



var sú lægsta frá aldamótum en vísitala ýsu hefur haldist há frá 2004.

Síðustu 7 vetur hefur verið leyft að veiða frá 167 tonnum upp í 400 tonn af rækju í Arnarfirði. Veiðar hafa verið leyfðar í Ísafjardardjúpi síðustu 6 vetur frá 484 tonnum upp í 1100 tonn þegar mest var veturinn 2013/14.

Nýliðunarvísitala var langt undir meðallagi árin 2016 og 2017. Stofnvísitalan hefur farið stöðugt lakkandi frá 2012. Stofnmælingin bendir því til að stofninn muni ekki stækka á næstu árum. Vísitala þorsks var sú lægsta frá aldamótum en vísitala ýsu hefur haldist há frá 2004.

LANDVERND ANDVÍG ÖLLUM ÁHERSLUMÁLUM VESTFIRÐINGA

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og fráfari framkvæmdastjóri Landverndar.

Nýr umhverfisráðherra er sóttur til Landverndar. Guðmundur Ingi Guðbrandsson hefur verið framkvæmdastjóri Landverndar frá árinu 2011. Bæði hann og samtökin hafa beitt sér hart gegn öllum helstu áherslumálum Vestfirðinga. Borgarafundurinn á Ísafirði, sem haldinn var 24. september 2017 ályktaði til stuðnings laxeldi í Ísafjardardjúpi, vegagerð um Teigsskóg og hringtengingu rafmagns um Vestfirði. Þá er í greinargerð með samþykktinni hvatt til Hvalárvirkjunar. Almenn samstaða er meðal Vestfirðinga um þessar áherslur.

Ályktun fundarins var auðvitað óvenjuskýr skilaboð Vestfirðinga til stjórnmalaflokkanna og nýrra ríkisstjórnar. En hvað er líklegt að nýr umhverfisráðherra og flokkur hans, Vinstri grænir, muni gera til þess að koma til móts við kröfur Vestfirðinga um atvinnuuppbyggingu, vegagerð og raforkuframleiðslu og afhendingaröryggi? Hinn nýi ráðherra

Hvalárvirkjun

Landvernd voru einu félagasamtökin sem gerðu athugasemdir við Hvalárvirkjun á frummatssíti.

umsógn um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps (7.10.2017):

„Landvernd hafnar bæði tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu vegna Hvalárvirkjunar í Árneshreppi.“

„Stjórn Landverndar mun gera þá ófrávikjanlegu kröfu að Skipulagsstofnun hafi tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi í þeim búngi sem þær hafa verið auglýstar til kynningar“

„Sjaldan eða aldrei hefur svo blygðunarlaust verið reynt að bera fé á fjölskipað stjórnvald til að liðka fyrir áætlunum“

Athugasemdir til Skipulagsstofnunar (29.08.2016):

„Hér virðist eiga að fórna miklum

náttúruverðmætum aðeins til að selja einhverjum orku sem hugsanlega vill kaupa hana. Þetta er óásættanlegt meginmarkmið með virkjun sem fórnar jafn miklu og raun ber vitni.“

„Að mati Landverndar er ólíkandi, miðað við svo hæpnar forsendur og í ljósi hinna gríðarlegu umhverfisáhrifa sem Hvalárvirkjun mun hafa, að ríkisvaldið hyggt ætla sér að liðka fyrir framkvæmdinni.“

„Landvernd ... telur að ekki sé forsvaranlegt að ráðast í svo stóra framkvæmd í svo fámennu byggðarlaga án ítarlegra samfélagsrannsókna.“

Morgunútvarp RÚV (1.12.2017): Nýr umhverfisráðherra: hef ekki unnið fyrir hagsmunasamtök heldur samtök almennings alls.

vill bera saman þjóðgarð og virkjun áður en Árneshreppur og Orkustofnun afgreiða málið endanlega.

Teigsskógur og vegagerð

Umsógn til Vegagerðarinnar 8.12. 2016 – skýrsla um umhverfismat: Landvernd hafnar alfarið leið þ – H (Teigsskógur)

Laxeldi í sjó „Aðalfundur Landverndar 2017 varar við stórauðni og óábyrgu laxeldi í sjó við Íslandsstrendur, þar sem notaður er frjór eldisfiskur af erlendum, framandi stofnum. Aðalfundurinn krefst þess að stjórnvöld móti skýra stefnu sem banni ræktun á eldislaxi í sjó nema tryggt sé að það valdi ekki óásættanlegri mengun eða erfðablöndun við íslenska laxastofna. Þetta má tryggja með notkun rannsóknakví, ófrjórna stofna eða ræktun í lokuðum kerfum í sjó eða á landi. Auk þess þarf að tryggja öflugt eftirlit með starfsemi fiskeldisfyrirtækja svo þau geti starfað í meiri sátt við umhverfi og samfélag.“

„Áhættan sem tekin er með stórauðni laxeldi í sjó hýrlendis með þeim aðferðum sem kynntar hafa verið er því geigvænleg og með öllu óásættanleg fyrir íslenska náttúru.“

MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON

„LESIÐ ÞESSA BÓK UM JÓLIN!“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR, KILJUNNI



ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV



„Mistur er ekki aðeins góð glæpasaga heldur er skyggst inn í hugarheim helstu persóna og þá baráttu sem þær standa í.“

Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

„Frábærlega vel uppbyggð bók. ... Við unnendur spennusagna segi ég: Lesið þessa bók um jólin. ... **Þrælsþennandi**. Þarna er spenna svo manni er stundum ekki rótt. ... Ég fullyrði að þetta er langbesta bók Ragnars. Mikil spenna út í gegn.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

„Spennandi og vel fléttuð saga, tvímælalaust **besta bók höfundar**.“

Brynhildur Björnsdóttir, Fréttablaðið

3.

Metsölulisti
Eymundsson

3. sæti
Bóksölulistinn
Skáldverk

VERÖLD



LEIÐARI

Vestfirðingar utan þjónustusvæðis

Það er ekki ofmælt að Vestfirðingum hafi verið illilega brugðið þegar í ljós kom að innsta forysta Vinstri grænna valdi framkvæmdastjóra Landverndar í embætti umhverfisráðherra. Hinn nýi ráðherra hefur verið allt frá 2011 aðaltalsmaður Landverndar og hefur beitt sér af fullum þunga gegn flestum framfaramálum á landsbyggðinni. Landvernd hefur árum saman beitt sér af alefli gegn atvinnuuppbyggingu á Húsavík og staðið að kærnum á öllum þáttum málsins hvort sem það lýtur að virkjun Þeistareykja, lagningu raforkulínu þaðan til Húsavíkur eða kísilmálverksmiðjunni sjálfri. Við lá um tíma að samtökunum tækist með lagafrókum og kæruflóði að koma í veg fyrir að verksmiðjan fengi rafmagn. Allt í nafni náttúrunnar.



Umhverfisofstæki

Það hefur ekki áður sést viðlíka ofstæki í andstöðu við almenn framfaramál og birst hefur undanfarin ár í framgöngu Landverndar. Samtökin hafa beint spjótum sínum gegn uppbyggingu og framförum á Vestfjörðum. Gildir einu hvort um er að ræða vegagerð, atvinnuuppbyggingu eða öruggt aðgengi að raforku. Lagst er gegn öllum tilraunum á Vestfjörðum til þess að gera lífskjör í fjórðungnum sambærileg við það sem er annars staðar á landinu.

Það má ekki leggja veg um Teigsskóg af umhyggju fyrir umhverfinu. Engu máli skiptir þótt íbúar fjórðungsins líði dag hvern fyrir frumstæða vegaslóða. Engu máli skiptir þótt framgangur birkis sé sá mesti á landinu og þúsundir hektara af birkigróðri hafi bæst við á Vestfjörðum á undanförnum árum og engu máli skiptir þótt fyrirsjáanlegt sé að þúsundir hektara af nýjum birkigróðri muni bæstast við á næstu árum. Engu máli skiptir þótt skaðinn af vegagerð um Teigsskóg sé lítið brotabrot af nýliðun birkis á Vestfjörðum. Mannfólkið á Vestfjörðum og velferð þess skal víkja fyrir brenglaðri mynd og veruleikafirringu svokallaðra umhverfissinna.

Því miður er veruleikafirringin að verða útbreidd eins og Vestfirðingar urðu varir við í sumar í umræðu um Hvalárvirkjun. Það er ótrúlega virkur og áhrifamikill hópur fólks sem vinnur á þessum hugmyndafræðilega öfugsnúna grundvelli. Þar má nefna stofnanir eins og Skipulagsstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ríkisstjórnin, sem sat frá 2009 til 2013, mátti ekki heyrja á það minnst að leggja veg um Teigsskóg og umhverfisráðherra þeirrar ríkisstjórnar lagði sig fram um að girða fyrir alla möguleika til þess að fá vegagerðina samþykkt. Þau ummæli heyrðust á þeim tíma að fyrr myndi frjósa í helvíti en að vegur yrði lagður um Teigsskóg.

Hinn nýi umhverfisráðherra er handvalinn af þeim sem mestu réðu um stefnuna þá og hann mun ekki hvíka um tommu. Það vekur athygli að umhverfisráðherrann fær þau ummæli frá félögum sínum í Vinstri grænum, sem rætt hefur verið við, að vera svartstakkur í umhverfismálum, ósveigjanlegur í skoðunum og frekjuhundur sem skammi fólk ótæpilega ef það er ekki nógi fljótt til að beygja sig undir hans vilja.

Hvað varðar laxeldið í sjó á Vestfjörðum og sérstaklega í Ísafjarðardjúpi þá gildir það sama og um Teigsskógin, að hinn nýi umhverfisráðherra hefur verið hatræmmur á móti því í fyrria starfi sínu og sama á við um fyrirhugaða virkjun Hvalár. Frammistaða hans í þessum þremur málum hefur verið pólitískri ráðningarskrifstofu hans, Vinstri grænum, vel að skapi.

Vestfirðingum ofaukið

Rauði þráðurinn í þessari stökkbreyttu umhverfisstefnu, sem hefur breytt henni í illvígt krabbamein, er sá að framtíðarhlutverk Vestfjarða er að vera þjóðgarður þar sem náttúran er varðveitt í sem upprunalegastri mynd fyrir komandi kynslóðir. Þörfin fyrir þjóðgarðinn kemur til af því að óhjákvæmilegt er talið að ganga á náttúruna og auðlindir hennar á höfuðborgarsvæðinu og nálægum uppbyggingarsvæðum. Framfarirnar eru nauðsynlegar til þess að bæta lífskjörin og náttúrunni syðra verður að fórna til þess. Þar má því leggja vegi hvar sem er, þar má alls staðar virkja, þar má byggja hótél hvar sem, jafnvel ofan á elsta kirkju-garði Reykvikinga, þar má í stuttu máli gera allt sem skapar peninga. Þessa miklu fórn er svo ætlað að bæta upp með því að friða Vestfirði og gera fólkið þar að útlögum í eigin heimabyggð. Vestfirðingum er eiginlega ofaukið á Vestfjörðum. Það má segja þeir séu utan þjónustusvæðis hins íslenska ríkis.

Við er tekin ríkisstjórn hagsmunaöfganna. Vinstri grænir tefla fram framkvæmdastjóra öfgasamtaka og Sjálfstæðisflokkurinn þjónar öðrum öfgasamtökum og setur handlangara helsta útgerðarauðvaldsins í sjávarútvegsráðuneytið. Hvorugt verður Vestfirðingum eða landsmönnum til neinnar gæfu.

Kristinn H. Gunnarsson

1. tölublað, 1. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Kristinn H. Gunnarsson, sími: 892-7630, netfang: kristinn@kristinn.is. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. Dreifing: Íslandsþóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 3.400 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á VESTFJÖRÐUM



Vísindadagar í Menntaskólanum á Ísafirði

Dagana 29. – 30. nóvember voru Vísindadagar haldnir í Menntaskólanum á Ísafirði. Hefðbundið skólafest var þá brotið upp m.a. með kynningum og sýningum nemenda á því fjölbreytta starfi sem farið hefur fram í skólanum.

Sýndar voru stuttmyndir sem nemendur höfðu gert og byggðar eru á hinu stórskemmtilega kvæði Þrymskviðu og skáldsögunni Bjarna - Disu, tölvuleiki sem nemendur hafa forritað sjálfir, Vestfjarðakort sýndi framtíðarsýn nemenda á möguleikum sem snúa að endurnýjanlegri orku, rannsókn á áhrifum hreyfingar á skammtíma-minni, kynningarmyndbönd og kynningar á verkefnum nemenda í námsgreinum.



Fluttir voru skemmtilegir fyrirlestrar nokkurra vísindamanna sem sögðu frá viðfangsefnum sínum sem öll tengjast meira og minna Vestfjörðum. Þá var einnig skype fundur

með hinum eina sanna Ævari vísindamanni.

Styrktaraðilar vísindadaganna eru Húsið, Flugfélag Íslands, Ísafjarðarbíó og Vestfirski forlagið.

Vestfirska vísnahornið

Dagarnir styttest og svartasta skammdagið er framundan. Óla Friðmey Kjartansdóttir, bóndi á Þórustöðum í Bitrufirði minnir á það:

*Sumar flýr þá vetrarvöld
valda kuli í blænum.
Allir dagar eins og kvöld
ætíð myrkt í bænum.*

Emil Ragnar Hjartarson frá Flateyri rifjaði upp fyrir skömmu sögu af föður sínum, Hirti Hjálmarssyni, skólastjóra. Hjörtur var staddur á Ísafirði við fundahöld. Kunningi hans Guðmundur Geirdal, kennari hafði boðið Hirti til sín í kaffi þegar hlé yrði á fundum. Svo fór að Hjörtur gat ekki þegið boðið og hringdi hann í Guðmund og sagði:

Ég ætla að segja þér frá því, þó það varði frúna kannske meir-ég kem ekki í kaffi til þín núna.

Þegar að er gáð felst í ummælunum vísa:

*Ég ætla að segja þér frá því,
þó það varði frúna
kanské meir-ég kem ekki í
kaffi til þín núna.*

Guðmundur Hagalín frá Ingjaldsandi hefur eins og aðrir landsmenn fylgst með stjórnarmynduninni. Gefum honum orðið:

Mér hefur fundist eftirtektarvert hversu stjórnarmyndunarviðræðurnar hafa verið friðsælar og nærgætni stjórnmalamanna meiri í hvers annars garð heilt yfir umfram það sem áður hefur verið. Umræðan yfirvegaðri alstaðar.

Ég velti því fyrir mér hvort Forseti vor hafi rætt við forustumenn stjórnmalanna um að breyta sinni hegðun í garð hvors annars og hafa þannig betri áhrif út í samfélagið.

*Loksins gæfu stíga skref
stjórnmal okkar góða lands.
Ekki mikið þras né þref
þó sé fléttun stjórnarbands.*

*Ætla má að mikill hafi
máttur vor á Bessastöðum.
Bedið um að bræður grafi
bitur tól í öllum röðum*

*Þessi hegðun flestum færir
frið í dimmri vetrar tíð.
Allir vinir verða kærir
vilja ekki orrahríð.*

*Biðjum þess að þetta haldi
þegar tíminn líður fram.
Stjórnmal frekar vinsemi valdi
varist fjadans illsku hramm.*

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp sendir þættinum að venju efnismikið vísna-bréf. Athuga ber að það var skrifað áður en ríkisstjórnin tók við:

Græðgin er góð segja frjálshyggju-postular. Ekki er ég sammála því.

*Græðgin köld á illu elur
engum manni fer hún vel.
Þarf ei meir að fara í felur
fjandast því um jarðarhvel.*

Jón Steinar Gunnlaugsson segist vera að glíma við dómsmorðingja.

*Enn í basli á hann Jón
ofan af sér fletti.
Svo nú eru ekki fleiri flón
að finna í Hæstarétti.*

Panamaprinsarnir hafa verið mikil og góð uppspretta fyrir vísur og ekkert lát á enn.

*Wintrisgreifi í sárum situr
svakalega fúl og bitur*

*meðan hlýtur uppreisn æru
úlfurinn í sauðargæru.*

Þó ekki sé formlega komin ný ríkisstjórn eru allar líkur á að það hafist fyrir helgina nema upprisa æru Bjarna Benediktssonar fari fyrir brjóstíð á enn fleirum þingmönnum Vinstri grænna.

*Á Bjarna er nú bjartur litur
burstaði Kata af hans lesti
meðan úti í sorta situr
Sigmundur á hvítum hesti.*

Hinn vestfirski ættaði Ragnar Öndarson, frá Sólbakka í Öndarfirði, setti allt á annan endann á dögnum og hefði kannski betur tjáð sig í bundnu máli því þá hefði hann getað orðað þetta svona:

*Gengur flest í veröld fjarri vonum
varla fyrir áhyggjum ég sef.
Því nú má bara káfa grimmt á konum
ef karlinn hefur til þess leyfisbréf.*

Sláum nú í botn.

Inga Reynis frá Hríshóli í Reykhólasveit hefur látið til sín taka hér í Skjaldfannardal á mjög jákvæðan hátt eins og lesendur vísnahornsins hafa orðið varir við.

Ég hef gaman af metum og á ennþá Íslandsmet í dagveðið rjúpna og engi voru Skjaldfannarærnar methafar í afurðum. Íslandsmet í vísu um eina tiltekna konu gæti nú verið að nálgast, þessi er reyndar nr 82.

*Ekki þekkjað okkur hjá
árekstrar né krísur.
Og meira en skilið Inga á
áttatíu vísur.*

Þá er vísnahornið tæmt að þessu sinni. Bestu kveðjur úr vetrarfærðinni.

Kristinn H. Gunnarsson

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Sofðu vel um jólin

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum fyrir alla fjölskylduna



Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir motorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur

Kíktu á www.reverie.com



FYLDS' heilsurúm fyrir kröfuharða



BODYPRINT®

Hágæða heilsudýnur ÞÆR ALLRA BESTU SEM VÖL ER Á

Þrýstijöfnun er lykilorðið
Einstök þrýstijöfnun
Réttur stuðningur

**BODYPRINT POCKET
IQ-BODYPRINT 700
BODYPRINT 800**




Full búð af rúmum, sófum, hvíldarstólum, sængum, heilsukoddum, sængurverasettum, sloppum og fallegum jólavörum. Þú færð jólagjöfina hjá okkur.

Höfum opnað nýja og glæsilega vefverslun

svefnogheilsa.is

Opið allan sólarhringinn



Listhúsið - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

Opið
alla daga
til jóla

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
www.svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Elín og Halldór gefa út geisladiskinn Randalín

Ísfrsku systkinin Elín Smáradóttir og Halldór Smáráson hafa gefið út geisladiskinn Randalín. Halldór sér um hljóðfæraleik á harmóníku, gítar og slagverk og Elín annast einkum sönginn. Í kynningu á umslagi disksins kemur fram að þau systkinin hafi alltaf langað til þess að gefa út plötu með eftirlætislögunum sínum. Foreldrar þeirra Smári Haraldsson og Helga Friðriksdóttir hafi svo séð til þess að þessi draumur er orðinn að veruleika. Þau vildu heiðra minningu móður Helgu og tengdamóður Smára, Elínu Þorbjarnadóttur sem hefði orðið 100 ára 16. nóvember síðastliðinn. „Platan er því helguð minningu ömmu Elínar sem alltaf studdi við bakið á okkur í lífi og list, eins og reyndar foreldrar okkar báðir.“

Á plötunni er að finna 11 lög, „ástkær sönglög, djassskotna íslenska standarda og frumsamið efni allt fært í léttan og heimilislegan búnning.“ Meðl laga eru vegir liggja til allra átta, draumalandið og þú eina gjartans yndið mitt.

Vestfirðingar komu mikið að út-



gáfunni. Auk þeirra systkina þá leika Bolvíkingarnir Valdimar Olgeirsson á kontrabassa og Kristinn Gautur Einarsson á trommur. Ísfrðingurinn Kristján Sigmundur Einarsson sá um upptökur, hljóðblöndun og hljóðjöfnun.

Að sögn Smára Haraldssonar var Elín Þorbjarnadóttir, tengdamóðir hans, uppalin í Reykjavík á Nesvegi 58, einu af nokkrum sænskum timburhúsum sem þar voru reist. Föður-

afi Elínar var Þorvaldur Bjarnason á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, sem var umsvifamikill athafnamaður um tíma. gerði hann út togarann Seagull frá Reykjavík og byggði stórhýsið Bjarnaborg.

Geiskadiskurinn eða hljómplatan fæst víða, m.a. í Eymundsson/Pennanum á Ísafirði, Tólf tónum í Reykjavík og hægt er að kaupa hann hjá Smára Haraldssyni, Ísafirði.



Frá Þingeyrarakademíunni: Heilræði til Alþingis og ríkisstjórnar

Þingeyrarakademían tekur sterklega undir með þeim sem segja að gera eigi eldra fólki mögulegt að halda heimili eins lengi og það óskar og getur. Það er öllum til heilla. En til þess þarf vel skipulagða heimilishjálpm sem dugar. Þar á enginn að vera útundan.

Segjum sem svo, að 500 manns yrðu ráðnir í fullt starf til að styðja við aldraða á heimilum þeirra vitt og breytt um landið, í viðbót við þá starfsmenn sem fyrir eru. Ef reiknað væri með 10 milljónum kr. á hvern starfsmann í launum og launatengdum gjöldum á ári, mundi það þýða 5 milljarða útgjöld. Hluti af þessum fjármunum skilar sér aftur strax í ríkis- og sveitarsjóði með sköttum.

Það liggur í augum uppi að með þessu móti þarf færri biðsali fyrir gamla fólkið. Það kostar mikla

fjármuni að reisa okkar góðu elli- og hjúkrunarheimili. Þá er rekstrarkosnaðurinn eftir sem oft er erfiðasti hjallinn. Tillaga okkar mun spara ríki og sveitarfélögum stórfé og allir ánægðir. Ekki sist þeir sem þurfa að deila herbergi með bláókunnugu fólki. Það er heitasta ósk margra að geta verið sem lengst í eigin hóbýlum á ævkvöldinu. Það er ekkert annað en heilbrigð skynsemi að verða við þeirri ósk. Hlustum á starfsfólk Landsspítalans og landlækni og framkvæmum þetta eins og menn!

Hvað er Þingeyrarakademían?

Þingeyrarakademían er stór hópur spekinga á öllum aldri sem stundar morgunsund og heita pottinn á Þingeyri. Þar eru ýmskonar innanlands- og heimsvandamál rædd og jafnvel leyst. Þingeyrarakademían kemur til dyranna eins og hún er klædd.

Miltisbruni á Vestfjörðum:

Birnustaðir - athugasemd

Þann 19. nóv. sl. var birt hér í blaðinu „Vestfirðir“, afar athyglisverð grein eftir hinn mæta mann, Sigurð Sigurðarson dýralækni. Í greininni fjallaði hann um skráðar miltisbrunagrafir á Vestfjörðum. Sigurður sagði m.a. frá því að um aldamótin 1900 hafi þrjár kýr sem miltisbrandur varð að fjörtjóni, verið grafnar í svonefndum Kýrhóli, skammt frá íbúðarhúsinu á Birnustaði í Laugardal.

Eins og fram kom í grein Sigurðar gerðist þessi atburður í búskapartíð Jónasar Bjarnasonar, páverandi bónda á Birnustaðum. Sagnir um þetta atvik hafa að sjálfsögðu borist áfram milli kynslóða, bæði meðal afkomenda Jónasar; annarra íbúa í Laugardal og víðar og datt engum í hug að efast um sannleiksgildi þeirra. Ævinlega fylgdu þessum sögum strangar viðvaranir þess efnis að ítrustu varúðar skyldi ætíð gætt í kringum Kýrhólinn, enda öllu hugsandi fólki ljós áhættan ef út af því væri brugðið.

Undir lokin í grein Sigurðar um

Birnustaði gat hann þess að núverandi eigandi jarðarinnar hafi sýnt þá ógætni að bylta jörð á Kýrhóli. Síðan hafði hann eftir eigandanum: „Hann sagði mér sjálfur í júní 2017, að hann hafi fengið Sigurjón á Hrafnabjörgum til þess og engin merki séð um gröf“. (tilv.lýkur) Ég efast ekki um að Sigurður hafi haft orð eigandans rétt eftir honum í grein sinni. En hvað svo sem það var sem eigandi Birnustaða þóttist hafa fengið Sigurjón heitinn Samúelsson, bónda á Hrafnabjörgum til að gera, þá var það hvorki að bylta jörð á Kýrhóli né grafa meðfram honum fyrir nýbyggingu á Birnustaðum.

Sigurjón var einkar vel gerður og gætinn maður og er það ómaklegt og raunar hrein óhæfa að bendla nafn hans á nokkurn hátt við þann afar vafasama gjörning sem þarna um ræðir og hann kom hvergi nærri. Megi sá hafa skömm fyrir sem slíkt gerir, - vel vitandi betur.

*Með þökk fyrir birtinguna.
Þóra Karlsdóttir frá Birnustaðum*



nav í áskrift

Bókhaldskerfi í áskrift

Microsoft Dynamics NAV er eitt mest selda bókhaldskerfi landsins og fæst í mánaðarlegri áskrift.

Þú færð fullbúna viðskiptalaun, hýsingu og afritun í Azure skýjaþjónustu Microsoft ásamt vottuðum sérkerfum Wise á verði frá kr. 9.900 á mánuði.

Kynntu þér málið á navaskrift.is

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.

kr. 9.900 pr. mán. án vsk.

Microsoft Azure

Office 365



wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Nýtt!
Takmarkað
magn

Frón

Jólakremkexi uppskriftir

Skyrdesert

með jólakremkexi frá Frón
(fyrir 6-8)

1 pakki jólakremkex (mulið)
75 g smjör (brætt)
1/2 tsk kanill
2 egg
140 g sykur
150 ml rjómi
250 g mangóskyr
(má vera hvaða skyr sem er)
3 blöð matarlím

Matarlímsblöð lögð í bleyti í köldu vatni.
Peytið egg og sykur vel. Léttpeytið
rjómann, blandið skyrinu út í rjómann og
svo eggjablönduna. Bræðið matarlíms-
blöðin og blandið þeim saman við.

Myljið kexið, setjið í glös og skyrblönduna
á milli, 2-3 lög.



Súkkulaðihjúpur:

100 ml rjómi
150 g mjólkursúkkulaði
25 g smjör

Hitið rjómann upp að suðu og hellið yfir
súkkulaðið og blandið ásamt smjöri.
Setjið sem efsta lag.

Skreytið að vild.

Ris a la mande

með jólakremkexi frá Frón
(fyrir 6-8)

1 pakki jólakremkex (mulið)
750 ml mjólk
125 g grautargrjón
1 vanillustöng
50 g flórsykur
50 g möndluspæinir (ristaður)
250 ml rjómi
75 g smjör (brætt)
Kirsuberjasósa

Penslið pottinn með smá smjöri svo mjólkinn
brenni ekki við, leyfið suðunni að koma
upp á mjólkinni og bætið hrísgrjónum í.
Kljúfið vanillustöngna í tvennt og skafið
vanillufræin út í pottinn. Sjóðið í 30-40 mín
eða þar til hrísgrjónin eru mjúk. Kælið.



Rjóminn er léttpeyttur og flórsykri blandað
út í. Blandið þessu varlega út í hrísgrjónin
ásamt möndluspæninum. Myljið kexið,
blandið smjörinu við og setjið í botninn á
glösunum. Bætið grautnum ofan á og hellið
kirsuberjasósunni yfir.

KEIMUR
AF KANIL
OG NEGUL



17. öldin í handritasafni

Fjögurra alda minning Hólmfríðar Sigurðardóttur (1617-1692)

Á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns eru geymd fleiri þúsundir handrita. Elstu blöðin eru frá því um 1100 og svo sífellt fleiri á hverri öld fram á okkar daga. Þessari sýningu er ætlað að varpa ljósi á hlut 17. aldarinnar í safnkostinum en handrit frá þeim tíma telja á fimmta hundrað. Þar er og verður um ókomin ár óplægður akur fyrir fræðimenn sem vilja rannsaka sögu þessarar heillandi aldar.

Á sýningunni er 17. öldin skoðuð í spegli einnar persónu, Hólmfríðar Sigurðardóttur prófastsfrúr í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi. Sýnd er ætt hennar og afkomendur og hvernig lesa má sögu valda og auðs, menningarlegs og veraldlegs, í ævisögu hennar.

Hólmfríður Sigurðardóttir 1617-1692 – 400 ára minning

Hólmfríður fæddist 9. janúar 1617 að Hróarsholti í Flóa. Foreldrar Hólmfríðar voru Sigurður yngri Oddsson (1595-1617) og Þórunn ríka Jónsdóttir (1594-1673). Foreldrar Sigurðar voru Oddur Einarsson Skálholtsbiskup (1559-1630) og Helga Jónsdóttir biskupsfrú (1567-1662). Sigurður druknaði í Ölfusá skömmu eftir að Hólmfríður fæddist.

Seinni maður Þórunnar var Magnús Arason, sýslumaður á Reykhólum. Magnús var sonur Ara í Ögri og Kristínar Guðbrandsdóttur biskups.

Upphaf 17. aldar einkenndist af harðindum – og var veturinn 1602 kallaður Þíningsvetur. Jón lærði Guðmundsson skrifaði um veðráttuna í riti sínu Um Íslands aðskiljanlegar náttúrur, JS 401 XI 4to: „Um hafskrímsl skrifa ég ekki, því eg hef ekki af þeim lesið margt en allmörg séð, þar til þau hurfu frá oss fellirs vetur hinn mikla, sem var Anno 1602“. Sögur segja að þann vetur hafi verið í Skálholti aðsókn „af fátæku umferðar og uppflosnuðu fólki úr öllum áttum“. Helga biskupsfrú, föðuramma Hólmfríðar, á þá að hafa látið brjóta steinbogan yfir Brúarár svo förufolk kæmist síður að staðnum. Oddi biskupi mun hafa fallið þetta illa.

Eftirmaður Odds á biskupsstóli var sonur hans, Gísli, föðurbróðir Hólmfríðar. Eftirmaður hans var Brynjólfur Sveinsson, en hann var þremmingur við Helgu biskupsfrú. Helga og Kristín Guðbrandsdóttir, tengdamóðir Hólmfríðar, voru systradætur.

Annar föðurbróðir Hólmfríðar var Árni Oddsson lögmaður. Hann var við erfðahyllinguna á Kópavogspingi 1662. Til er í handritasafni (JS 64 fol) seðill með hendi Árna Magnússonar, þar sem segir: „Á Kópavogi, þá arfhyllingareidarnir áttu að takast, vildi Árni lögmaður (þá gamall orðinn) ei í fyrstu leiðast þar til, stóð þar so einn dag eða þar um, að hann stóð streittur þar við, tandem minis cessit lacrymans [lét að lokum grátandi undan ógnunum] og sór so með öðrum.“

Hólmfríður giftist 4. september 1636 Jóni Arasyni, yngri

bróður nýlátins stjúpfoður síns. Um sömu mundir og brúðkaup þeirra fór fram varð Jón prestur og prófastur í Vatnsfirði, áður var hann skólameistari í Skálholti. Í Skólameistarásögum Jóns Halldórssonar í Hítardal segir að hann hafi verið talinn „þóttamikill og sérgóður“ í því embætti.

Afbróðir Hólmfríðar, Gísli Einarsson, þjónaði í Vatnsfirði á undan Jóni. Jón fékk vonarbréf fyrir Vatnsfirði 1634 en vildi brauðið án tafar. 1635 fékk hann loforð fyrir Stað á Reykjanesi, sem skyldi verða skiptimynt fyrir Vatnsfjörð. Sýslumaðurinn og faðir Jóns, Ari Magnússon í Ögri, lét sóknarmenn í Vatnsfirði óska eftir syni hans til þjónustu og gaf þá Gísli upp brauðið. Séra Gísli þóttist kúgaður til skiptanna og reyndi að rifta þeim, en Gísli Oddson, biskup og bróðursonur nafna síns, miðlaði málum.

Sumarið 1636 var gengið frá skiptum Jóns og Gísla. Jón tók við staðnum 29. ágúst, sex dögum fyrir brúðkaup hans og Hólmfríðar. Hvort það hafi tengst Vatnsfjarðarfléttunni skal ósagt látið. Frá föður sínum fékk Jón fimm hundruð hundraða í föstu og lausu, m.a. Ögur, en Þórunn veitti dóttur sinni þrjú hundruð hundraða í föstu og lausu, þar á meðal 100 hundruð í silfri. Þetta var stórfé á þeirrar tíðar mælikvarða.

Hólmfríður og Jón eignuðust tólf börn og komust níu á legg. Í lífshistóríu Hólmfríðar í Lbs 1528 8vo segir svo af heilsufari Jóns og áhrifum þess á heimilishaldið:

„Nú svo sem guði þóknaðist upphaflega að prýða æfi þeirrar höfðingskvinnu með sinni krossfánu áður en hún inngekk hærri embætti strax á unga aldri, svo vildi hann líka þess

Mynd: Þjóðminjasafn Íslands

„Það var sú sem lét færa sér utan gylltan lit til hárs síns, að sagt er

sama ok henni með framtíðinni upp-áleggja, þar á fjórða ári eftir fullkomnaðan hjúskap þessara höfðings hjóna, uppbyrjaðist hennar sæla göfuga ektamanns líkamans veikleiki, sem öngvan máta kunni bera (með öðrum háembættis umsvifum) mæðusamar hússtjórnarinnar sýslanir, hvers vegna hún þær mestanpart hlaut uppá sig að taka, svo vel utan bæjar sem innan, hvað þó allt að afgekk með ágætri rósemd og guðrækilegu skikki þolinmóðlega. Þegar nú þessi höfðinglega matróna hafði með sínu ektahjarta verið að Vatnsfirði um 35 ár (með svo móti stjórnandi sem áður er sagt) þá þóknaðist drottinn hennar mæðusamar krossraunir ennþá framar að fjölga og burt frá líkamlegri sjón og umgengni til himneskrar æru að heimleiða þann göfuga guðsmann sr. Jón Arason hennar hjartkæran húsbónda, hvað er skeði á hennar 55. aldurs ári.“

Hólmfríður og Jón voru ekki óumdeilt fólk, áður er getið umsagnar um skólameistaratið Jóns, og svo er þessi frásögn af Hólmfríði til eftir Grunnavíkur-Jón:

„Það var sú sem lét færa sér utan gylltan lit til hárs síns, að sagt er, og einhverja vinnukonu þvo sér ef hún tók á nokkru óhreinu, og sú er sagði:



Mynd: David Barreiro

„mun ég þá verða að segja æ?“ þá hún fann sig fyrst þungaða. Af þessu fólki var nefnd Vatnsfjarðardrambsemin.“

Ári eftir að Jón lést, 1674, flutti Hólmfríður að Hólum með tvö yngstu börnin, Önnu og Ara, þar sem Ragnheiður dóttir hennar var nýorðin biskupsfrú. Frá 1688 bjó hún að Laufási hjá Helgu dóttur sinni þar til hún lést, 75 ára gömul. Frá andláti hennar segir í lífshistóriunni:

„Nú þann seinasta dag þessa umliðna vetrar, að byrjaðist hennar bana-sótt, með líknsamlegu móti á allan hátt fyrir mannanna augliti hélt hún svo við vængina til þess fyrsta sunnudags í sumar, á hverjum veikleikinn tók nokkuð að aukast. Skeði þá þetta merkilegt um morguninn árdegis, að hún (verandi á milli svefns og vöku) þóttist sjá einn mann hjá sér standa, sem til hennar talaði þessum orðum: Hólmfríður mín, þú átt nú ekki að lifa lengur. Hvað vér (sem nú er komið) maklega ráðum skeð vera af sérdeililegum vilja drottins, honum henni um sína dauðastund ávísað hafi fyrir heilagan engil, svo sem fyrri þeim loflega Danmerkur kóngi Christian (sællar minningar). Af þessu er auðséð hversu guði almáttugum hafi kær verið þessi höfðingskvinna.

[...]

Næsta dag hér eftir (sem var laugardagurinn) virtist veikleikinn með hægasta móti, allt til kvölds. Þar eftir um nóttina og næstkomandi tvö dægur nokkuð þyngri, að hverju útstöðnu mér og öðrum nærstöddum virtist henni mjög svo meinahægt allt í sitt andlát, hvert henni að höndum kom á mánudaginn sem var sá 25. apríl þessa árs 1692 um miðdegis skeið.

Magnús digri Jónsson (1637-1702)

Elsti sonur Vatnsfjarðarhjónanna var ekki mikill námsmaður. En það stöðvaði hann ekki við fræðaiðkanir – fimmtán ára skrifaði hann sitt fyrsta

handrit, þrjár riddarasögur. Þar hófst ferill sem eftir hefur verið tekið, því heimili hans í Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið kallað handritafabrika.

Fyrri kona hans var Ástríður Jónsdóttir og Sesselja Sæmundsdóttir sú síðari. Með Ástríði átti hann dæturnar Þorbjörgu og Kristínu. Þorbjörg giftist Páli Vídalín, samstarfsmanni Árna Magnússonar við gerð jarðabókar, manntals og kvikfjártals. Kristín var móðir sr. Magnúsar prófests á Söndum, föður Þórköllu, móður Þórdísar, móður Jóns Sigurðssonar forseta.

Ragnheiður yngri Jónsdóttir (1646-1715)

Ragnheiður var þriðja kona Gísla Þorlákssonar Hólabiskups, þau gengu í hjónaband 1674. Þau voru þremmingar að skyldleika. Gísli lést eftir 10 ára hjónaband og eignuðust þau ekki börn. Þá flutti hún til Grafar á Höfðaströnd þar til hún giftist Einari Þorsteinssyni Hólabiskupi árið 1696.

Ragnheiður nam hannyrðir af móður sinni, en hún gerði t.a.m. ísaumaðan altarisduk og gaf kirkjunni í Vatnsfirði. Uppeldið hefur einnig litast af þýðingu föður hennar á kennsluritinu Dygdaspeglir eður ein nytsamleg undirvísun fyrir allar guðhræddar meyjar. Ragnheiður stundaði hannyrðir aflistfengi, var að því kveðið í brúðkaupskvæði á latínu sem samið var til hennar og Einars Þorsteinssonar biskups og varðveitt er í Lbs 1298 4to. Þar segir frá útsaumi hennar og að hún hafi beitt frýgverskri saumnál. Trója var borg í Frýgíu og lýsir samlikningin því kostum hannyrða hennar á lærðan hátt. Ragnheiður og handverk hennar prýðir 5.000 kr. seðilinn.

Ragnheiður átti fjölda handrita og hélt skrifara. Þá rak hún stúlknskóla að Gröf. Átta handrit úr hennar förum eru varðveitt á söfnum, tvö þeirra eru á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, kvæðabókin Lbs 1205 4to og Lbs 1528 8vo sem inniheldur líkræðu og erfikvæði um Hólmfríði móður hennar.

Gunnar Marell Hinriksson

VAXTASTIG ÞAÐ LÆGSTA Í 30 ÁR

Ýmislegt var verið að lofa nú í aðdraganda nýlegra kosninga. Eins og ég hef skrifað um áður, og fleiri tóku undir, þá var hægt að setja spurningarmerki við ýmis loforð. Eitt af því voru (eru) loforð um lækkun vaxta. Fór sú umræða hátt um tíma og er reyndar enn við lýði. Enn heyrast raddir um að lækkandi vaxtastig sé eitt af því sem að mestu máli skiptir varðandi hag íslensku þjóðarinnar.

Því mætti halda að vaxtastig á Íslandi sé að sliga land og þjóð. Það er einfaldlega ekki rétt. Vaxtastig hérlandis er í kringum meðalvaxtastig á erlendum mörkuðum síðustu áratugi. Raunvextir hérlandis eru hærri en þeir eru nú í útlöndum, og þó þeir eru enn hærri en söguleg raunávöxtun skuldaþréfa hefur sá munur hefur minnkað gífurlega síðustu ár.

Þar sem að umræðan hefur verið svo hávær varðandi vaxtastig síðustu vikurnar þá mætti einnig halda að vextir hafi hækkað mikið síðustu ár. Það er hins vegar af og frá. Vaxtastig á Íslandi hefur aldrei verið jafn lágt síðan að fjármálamarkaður fór að myndast á Íslandi fyrir um það bil 30 árum síðan og hefur verið að lækka jafnt og þétt síðustu árin.

Þetta eru staðreyndir sem ég fer hér stuttlega yfir og spyr síðan af hverju verið sé að hamra á þessu núna en ekki áður.

Vaxtastig ekki að sliga land og þjóð

Einfaldast er að líta til Bandaríkjanna hvað vaxtastig varðar. Í bókinni Probable Outcomes eftir Ed Easterling er litið til sögulegrar ávöxtunarkröfu bandarískra skuldabréfa. Þar kemur fram að meðalávöxtunarkrafa bandarískra skuldabréfa með gjalddaga eftir 20 ár var 4,9% árin 1900-2009. Það er hér um bil sama vaxtastig og ríkir á Íslandi í dag. Vaxtastig í Bandaríkjunum hefur flöktað mikið síðustu áratugin. Frá árinu 1965 hófst mikil hækkun á vaxtastigi í Bandaríkjunum sem gerði það að verkum að vaxtastig þar jókst mikið árin 1965-1981 en hefur síðan þá lækkað mikið. Meðalvextir bandarískra ríkisskuldabréfa árin 1960-2000 voru 8,1%, eða töluvert meira en á Íslandi í dag.

Síðan þá hefur vaxtastig í Bandaríkjunum og flestum þjóðum Evrópu lækkað mikið. Er nú svo komið að vaxtastig á flestum nágrannaríkjum okkar er í sögulegu lágmarki. Á því er eðlileg skýring og er hún ekki jákvæð. Samhliða lækkandi vaxtastigi hefur hagvöxtur dregist mikið saman hjá sömu þjóðum. Hagvöxtur í Bandaríkjunum jókst árlega árin 1900-2009 um 3,3%. Hann var hins vegar aðeins 0,9% árin 2000-2009. Það er mikil samfylgni á vaxtastigi og efnahag því



að til þess að geta greitt raunvexti þarf að skapa aukin verðmæti.

Því má við bæta að verðbólga, sem hefur ekki verið jafn lág í áratugi, hefur einnig leitt til nafnvaxtastigs á erlendum mörkuðum sem ekki hefur sést í manna minnum.

Þó svo að vaxtastig á Íslandi sé herra en hjá nágrannþjóðum okkar í dag, þá er það engu að síður nálægt því vaxtastigi sem þar hefur sögulega tíðkast. Þó svo að vaxtastig megi alveg lækka meira á Íslandi þá er ekki þar með sagt að það sé að sliga land og þjóð.

Ávöxtunarkrafa 4,5 – 5%

Vaxtastig hefur aldrei verið jafn lágt á Íslandi en einmitt í dag. Lítum á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa með gjalddaga 2019. Vaxtastig var töluvert hátt mánuðina fyrir hrun og hefur síðan þá sveiflast í kringum sex til átta prósent síðustu ár, þangað til fyrir um það bil ári síðan þegar að hún fór niður fyrir 5% og er nú í 4,5%. Flest ríkistryggð skuldabréf í dag hafa ávöxtunarkröfu í kringum 5%, burtséð frá því hversu langt er að gjalddaga bréfanna, en hún hefur síðustu 20 ár legið í kringum 7-8%.

Verðtryggð skuldabréf með ríkisábyrgð (óbeina) hafa ekki í manna minnum haft jafn lága ávöxtunarkröfu en einmitt núna. Ávöxtunarkrafa húsbréfa, sem er grunnur verðtryggðra húsnaðislána, var seinni hluta tíunda áratugarins og fyrstu ár þessarar aldar

í kringum 5,5% til 6%. Það þýddi að lántakar þurftu að greiða slíka vexti auk álags! Dæmi um hversu háir vextir það eru er að miðað við verðtryggt lán sem ber 6% vexti, og lítið sem ekkert sé greitt af láninu (eins og til dæmis 40 ára annuitets verðtryggt lán) þarf lántaki að greiða á aðeins 12 árum næstum því sem nemur höfuðstól lánsins til baka í vaxtagjöldum. Það kalla ég hátt vaxtastig og gott hefði að stjórnmalamenn hefðu á þeim tímapunkti lofað lækkun vaxta.

Lækkandi raunvextir íbúðalána

Það sem mestu máli skiptir fyrir íbúðaeigendur er raunvaxtakostnaður húsnaðislána. Á fyrstu árum þessarar aldar lækkaði raunvaxtastig verðtryggðra húsnaðislána mikið. Það voru stórtíðindi þegar að Kaupþing lækkaði húsnaðisvexti niður í 4,4%. Lækkuðu vextir niður í 4,15% en fóru þá að hækka á nýjan leik.

Á myndinni hér að neðan sést að breytilegir verðtryggðir útlánavextir sjóðsins af húsnaðislánum fóru í kringum áramót 2007-2008 upp í 5,75% en hafa síðan þá verið að lækka jafnt og þétt síðustu ár. Breytilegir vextir stóðu um tíma í stað í 3,5% (meira um það síðar) en eru nú í fyrsta sinn í sögunni undir 3% og eru nú 2,77%.

Sé litið á vaxtakostnað húsnaðislána sem óbeint leiguverð, sem ég tel vera bestu nálgunina, þá má segja að leiguverð þess hluta húsnaðis sem fólk á ekki (það er sá hluti fasteignar sem fólk skuldar í) hafi lækkað um ríflega helming frá því sem það var um aldamótin.

Fjölskylda sem skuldaði LSR 30 milljón íslenskar krónur borgaði í árlegan vaxtakostnað (leigugjald fyrir þann hluta fasteignarinnar sem hún átti ekki) í upphafi árs 2008 (vel að merkja fyrir hrun) 1.725.000 krónur. Á þeim tímapunkti hefði vaxtakostnaður (auk vaxtavaxta) numið svipaðri upphæð og lánið. Í dag þyrfti fjölskylda með sama lán hjá LSR að greiða 831.000 krónur í árlegan vaxtakostnað. Það kostar því 894.000 kr. minna í ársvaxtakostnað fyrir fjölskyldu í dag að fjármagna 30 milljóna króna fasteignalán.

Raunvaxtastig bandarískra ríkistryggðra skuldabréfa árin 1900-2009 var í kringum 1,5% en er nú vart mælanlegt. Sé litið til raunvaxtastigs á Íslandi þá veita verðtryggð íbúðabréf í dag 2,0-2,3% raunávöxtun, án vaxtaáhættu. Sé miðað við meðaltal til lengri tíma er raunvaxtastig í dag enn herra, en ekkert í samlíkingu við hið gríðarlega háa raunvaxtastig sem hefur tíðkast síðustu ár. Miðað við eðlilegt álag á húsnaðislánum miðað við ávöxtunarkröfu ríkissjóðs sé litið til meðaltalsins í Bandaríkjunum þá ætti vaxtastig hérlandis að vera rúmlega 2%, ekki fjarri því sem það er í dag.

Stjórnmalamenn og vextir?

Vaxtastig á Íslandi var mjög hátt en er í dag orðið miklu raunhæfara. Þó svo að ég telji enn vera svigrúm fyrir enn frekari lækkun vaxta þá er það ekki lengur mikið.

Af hverju eru stjórnmalamenn núna á þessum tímapunkti að lofa lækkandi vaxtastigi? Öllu heldur, af hverju var ekki meiri áhersla á þetta atriði áður, þegar að miklu meiri ástæða var til þess? Höfðu þeir áhuga á þessu atriði áður? Ég held ekki. Nokkur dæmi eru til þar sem ég fjallaði um hátt vaxtastig án þess að margir stjórnmalamenn hafi tekið undir sjónarmið mín. Þó kom umræðan um hátt vaxtastig fram á áberandi stöðum og veittu þeim góða ástæðu til að taka málið upp.

Opinberlega var því stundum haldið fram að 3,5% vaxtagólfíð væri einungis viðmið. Það tel ég vera ólíklegt. Dæmi: Ég skrifaði opið bréf til stjórnar LSR þar sem ég kvartaði undan því að sjóðurinn lækkaði ekki vexti sína neðar en 3,5%. Þetta var forsíðufrétt Viðskiptablaðs Morgunblaðsins 30.8.2012 svo varla fór þetta framhá mörgum stjórnmalamönnum.

Heyrðist eitthvað frá stjórnmalamönnum? Svarið er nei.

Nokkrum mánuðum eftir að þessi grein birtist lækkuðu breytilegir vextir LSR niður í 3,5%, stóðu þar í töluverðan tíma og eru núna í 2,77%.

Af hverju krafa um lægra vaxtastig núna?

Það er engin einhlít skýring á því að

vaxtastig sé lægra í dag en í gær (og síðustu áratugi). Einfaldasta útskýringin er einfaldlega sú að eftirspurn eftir lánum er minna en framboð á fjármagni í sögulegu tilliti. Gjaldreyrihöft síðustu ára hafa án efa haft áhrif í þeim efnum. Einnig spilar betra lánsþæfismat stórt hlutverk í þeirri þróun.

Hugsanlega hefur lítil þörf á afskriftum lána einnig haft áhrif, en auknar afskriftir koma á endanum niður á vaxtakjör allra, því það þarf að fjármagna kostnað í sambandi við afskriftir útlána.


Ekkert af ofangreindu hefur, aftur á móti, átt sér stað fyrir tilstuðlan stjórnmalamanna. Fátt í loforðum þeirra hefur tengst umræðu um það hvernig þeir ælti að lækka vexti. Sumir hafa tengt umræðuna við afnámi verðtryggðra lána, eins og að slíkt myndi lækka vaxtastig á Íslandi. Slíkt er langt frá því að vera í hendi og það er allt eins líklegt að afnám verðtryggðra lána myndi hækka raunvaxtastig á Íslandi.

Sumir þeirra hafa lagt til að taka upp annan gjaldmiðil með það fyrir augum að það myndi lækka vaxtastig. Nafnvaxtastig myndi án efa lækka. Það er þó ekkert vist að raunvaxtastig, sem skiptir íslensk heimili langmestu máli, lækki við upptöku annars gjaldmiðils.

Hafi stjórnmalamenn einhver áhrif á að stuðla að lækkandi vaxtastigi næstu árin þá er það með því að leggja kraft í að mynda umhverfi í fjármálakerfinu sem gerir lækkandi vaxtastig mögulegt. Það væri hægt með því að einfalda bankakerfi landsins og hafa hugmyndir um samfélagslegan banka, sem væri í raun íbúðalánasjóður útgáfa tvö, verið nefndar í því sambandi. Slíkar hugmyndir gætu vel gengið svo lengi sem tryggt væri að aðhald í útlánum væri til staðar, sérstaklega á þenslutímum.

Már Wolfgang Mixa
höfundur er lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík.

Greinin birtist á heimasíðu höfundar marmixa.
blog.is/blog/marmixa/ 22. nóvember 2017
og er birt hér nokkuð stýtt.
Millifyrirsagnir eru blaðsins.



Mynd 1 Vextir LSR síðustu 10 ár.

Vestfirskir listamenn

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson

F. 5. desember 1874 Dýrafirði. D. 14. febrúar 1917 Vífilstöðum Garðabæ.

Öndvegisverk: Húsavíkurkirkja, 1907, Edinborgarhúsið, 1907, Heilsuhælið á Vífilstöðum, 1910.

Rögnvaldur Ólafsson byggingameistari. Það er andlaust verk að vera byggingameistari hugsaði ég. En hann fékk líka orð fyrir að vera mikill lífsspekingur, og ég horfði heillaður á hann. Hann var fallegur maður. Lífsspekingar eru alltaf fallegir menn.“ Þannig kom hinn vestfirski listamaður, Rögnvaldur Ágúst Ólafssyni, meistara Þórbergi Þórðarsyni fyrir sjónum. Rögnvaldur jafnan nefndur fyrsti íslenski arkitektinn og háttaði til margs Vestfirðingsins í listinni sem þykja oft vera ofvirkir. Hannaði og teiknaði vel yfir 100 byggingar af ýmsum stærðum og gerðum allt frá kirkjum til turna yfir í stórhýsi. Þeirra þekktast Heilsuhælið á Vífilstöðum hvar hann sjálfur var meðal fyrstu íbúa og tapaði hinni erfiðu glímu við berklana aðeins 42 ára að aldri.

Frá turni til heilsuhælis

Fæddur í byrjun desember 1874 á Ytri Húsum Núpi Dýrafirði. Flyst sex ára að aldri ásamt fjölskyldu sinni til Ísafjarðar. Bróðir hans Jón Þorkell gjörðist smiður og áttu þeir bræður eftir að

gera nokkur hús vestra saman. Hvar Rögnvaldur teiknaði en Jón smíðaði, þeirra þekktast án efa hið reislulega Edinborgarhús. Af öðrum merkilegum húsum Rögnvaldar á Ísafirði má nefna hinn kostulega turn sem var fyrst til höndlunnar en síðan íbúðar. Einsog oft vill verða með margan menntaþyrstan á landsbyggð þarf viðkomandi að leita til borgarinnar. Þannig var og með Rögnvald sem stúderaði við Latínuskólann hvar hann útskrifaðist aldamótaárið 1900. Þaðan lá leiðin í Prestaskólann en entist þar aðeins eitt ár enda var hugurinn eigi við hempuna heldur teikninguna. Strax árið 1897 ritar hann einum vina sinna er þá var við nám í Kaupmannahöfn og bað félagann um að „útvega mér Program Kunstakademiunnar“. Hann fær inni við Det Tekniske Selsaps Skole í Kaupmannahöfn 1901 og þrátt fyrir að vera heisluveill siglir hann utan. Hvað var að hrjá hinn unga mann? Jú, brjóstveikin eða berklarnir illvígu er herjuðu á landsmenn og enn hafði engin lækning fundist. Í fyrstu lék allt í lyndi hjá hinum unga listnema í Höfn en á öðru ári gjöra berklarnir vart við sig að nýju og hann verður sigla aftur heim, próflaus.

Það er þó alltaf eitthvað gott að

finna í hverri stöðu því segja má að Rögnvaldur hafi ekki getað komið á betri tíma. Ísland var jú undir stjórn Danmerkur og þaðan hafði svo gott sem öllu verið fjarstýrt til þessa. Nú, 1906, átti að færa völdin meira til heimamanna og komið á svonefndri heimastjórn. Hinn próflausi arkitekt



fékk starf sem ráðunautur Íslands um opinberar byggingar. Starf sem síðar fékk hið umdeilda heiti húsameistari ríkisins. Það eru engar ýkjur að segja að verkefnið var risavaxið því það vantaði heilan helling af byggingum útum land allt kirkjur, skóla og ný hýbýli fyrir blessað fólkið. Þá kom sér vel að hafa Vestfirðing til starfans enda var Rögnvaldur sannkölluð hamhleypa við teikninguna. Afköstin eru ótrúleg og sérstaklega þegar litið er til þess hve skamman tíma hann fékk á jörðu hér.

Þó Rögnvaldur hefði ekki viljað gjörast prestur þá var hann trúmaður mikill. Hannaði nokkra tugi guðshúsa og hafði mest yndi við þau verk. Fyrsta kirkja hans er Hrepphólakirkja reist árið 1903. Um var að ræða timburkirkju en þær urðu fjölmargar nægir þar að nefna Hvanneyrarkirkju, 1905, og Hólskirkju í Bolungarvík, 1908. Hann teiknaði einar 15 steinsteyppukirkjur sú fyrsta hin glæsta Bíldudalskirkja, 1905, og eigi er Hafnfjarðarkirkja, 1914, síður sómasamlegt guðshús. Rögnvaldur hafði meiri hug til steinsteypuverka en timburbygginga enda hófst fljótlega sannkölluð steinsteypuöld og hafði þar ekki lítið að segja hinn svonfendi miðborgarbruni, 1915.

Það var allt að gerast á Íslandi á þessum fyrstu árum nýrrar aldar.

Menntun hafði eigi verið fyrirferðamikil í landinu til þessa en nú skyldi landann mennta og þá vantaði hús. Og þá vantaði Rögnvald með sinn listræna blýant. Alls teiknaði hann ásamt aðstoðarmanni sínum, Einari Erlendssyni, ein 73 stykki menntahús. Af öllum stærðum og gerðum allt frá skólahúsinu í Haukadal Dýrafirði sem var aðeins ein skólastofa til hins tvílyfta Siglufjarðarskóla sem enn stendur. Áhrif Rögnvaldar í hjarta Reykjavíkur má glöggst sjá í Tjarnargötunni hvar hann teiknaði marga íbúðarhöllina sem og við Smiðjustíg. Rögnvaldur hafði tvo einstaka kosti sem arkitekt og eru verk hans gott dæmi um það. Hann hafði bæði hið listræna og hið tæknilega auk þess var hann lítið fyrir pífur og pír í sínum verkum sem margur arkitektinn vill nú oft týna sér í.

Merkasta verk Rögnvaldar er Heilsuhælið á Vífilstöðum, 1910. Hann var allt í öllu hann gerði uppdrætti alla, var byggingameistari auk þess að útvega allt efni. Ýmsum nýjungum var beitt við bygginguna m.a. járnabinding steinsteypu í milligólf. Allt þetta leysti hann með prýði þó sárþjáður væri. Það er því bæði táknrænt og sorglegt að hann sjálfur skyldi vera einn af fyrstu íbúum hússins.

Elfar Logi Hannesson

Aðalheimild: Björn G. Björnsson.

Fyrsti arkitektinn Rögnvaldur Ágúst Ólafsson og verk hans, 2016.

Er bíllinn tilbúinn fyrir kuldann í vetur?

TUDOR

alltaf öruggt start eftir kaldar nætur.



Hraðþjónusta

Við mælum rafgeyma og skiptum um.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

Með eftirtöldum aukabúnaði
1- Rúmbreyting í eitt stórt
2- Gólfhiti Rafmagns
3- Sjónvarpsfesting á lið
4- Rafgeymakerfi
5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.300.000



Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

- Basis, 16" álfelgur, sjálfsk, dráttarkúla og fleira.
Verð: 3.690.000 kr.

-Intense plús, sjálfsk, dráttarkúla, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður og fleira.
Verð: 4.260.000 kr.



f B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

et VERSLUN EHF.

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði



AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM



Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

Vestfirska forlagið:

Fimm nýjar bækur að koma úr prentvélunum

Þessa dagana eru að koma út fimm nýjar bækur hjá Vestfirska forlaginu. Fyrr á árinu gaf forlagið út þrjár nýjar bækur. Þær nýjustu eru þessar:



100 Vestfirskar gamansögur
Hallgrímur Sveinsson tók saman. Í þessari bók eru hundrað sögur úr

hinum mikla þjóðsagna-banka Vestfirska forlagsins af Vestfirðingum. Flestar hafa þær komið á prenti áður í bókunum að vestan og víðar. Sögurnar lýsa orðheppni Vestfirðinga og hæfileika þeirra til að fanga augnablikið. Græskulaus gamansemi, sem allir hafa gott af, er aðalsmerki hinna vestfirsku sagna. Þessa bók köllum við Rauða kverið.


Vestfirðingar til sjós og lands - Gaman og alvara fyrir vestan

Hallgrímur Sveinsson tók saman. Bók þessi hefur að geyma ýmsar frásagnir af Vestfirðingum, lífs og liðnum. Bæði í gamni og alvöru. Tilgangurinn: Að vekja athygli og áhuga á Vestfirðum og innbyggjum þeirra fyrir og síðar. Til þess var Vestfirska forlagið einmitt stofnað.



Vestfirðingar til sjós og lands

Gaman og alvara að vestan



Fortunu slysið í Eyvindarfirði á Ströndum 1787

Eftir Guðlaug Gíslason frá Steinstúni og Jón Torfason. Ströndlangan, frá Hornbjargi og langt suður eftir Ströndum, með öllum sínum flóum,

fjörðum og annesjum, var löngum annáluð fyrir að vera hættuleg skipum, stórum og smáum, enda hafa farist þar ótal skip í tímans rás. Hér er sagt frá þeim hörmungarátburðum sem áttu sér stað þegar kaupskipið Fortuna strandaði í Eyvindarfirði á Ströndum í september 1787. Öll áhöfn skipsins týndi lífinu.

Halldór Jacobsson, sýslumaður á Felli í Kollafirði, sem kunnur er af afskiptum sínum af Fjalla- Eyvindi og Höllu, stjórnaði rannsókn Fortunu strandsins. Ekki var þar allt sem sýndist og ýmislegt athugavert við meðferð sýslumanns á strandgóssinu.

Skjölín sem geyma þessa 230 ára gömlu sögu, og hér er stuðst við, eru öll varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands.

Eftirtaldir bækur voru áður komnar út á árinu hjá Vestfirska forlaginu: Hjólabókin, 5. bók, Rangárvallasýsla eftir Ómar Smára Kristinnsson. Þorp verður til á Flateyri, 2. bók eftir Jóhönnu G. Kristjánsdóttur. Vestfirskar sagnir, 4. hefti, Helgi Guðmundsson safnaði.

Baðviftur

Úrvalið er hjá okkur!



Tilboð
frá kr
8.990

Hitavír

Í þakrennur, frostvörn eða vatnslagnir.



Tilboð
frá kr
1.450

Gastæki

Einnota kútar
Engin leiga



Tilboð
kr
24.990

Handpurrrkari

2100 wött



Tilboð
frá kr
19.990


Grátandi gluggar?

Þurrktæki



Tilboð
frá kr
39.990

Þakblásarar




Kælar - frystar

Allar stærðir - með eða án vélakerfa



Hitablásari

Vatnshitablásari í bílskúrinn



Tilboð
frá kr
69.990

Upphengiur
fylgja

Rör og fittings fyrir loftræstinguna!



Lönaðarviftur

-Úrval af stærðum og gerðum



Lönaðarþurrktæki

-eftir rakatjón
-eftir steypun
-eftir málun

Tilboð
frá kr 331/24.klst
149.990



Loftviftur



Gluggaviftur

Útsogsviftur

íshúsið viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

JÓLATILBOÐ

Völundarhús býður 20% afslátt af öllum
GARÐHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.
Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.
Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²



Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Tíboð þetta gildir til 31. desember
eða á meðan byrgðir endast.
Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu
okkar volundarhus.is og í síma
864-2400.

50% afsláttur
af flutningi á
GARÐHÚSUM og
GESTAHÚSUM
á allar þjónustu-
stöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og
GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri
GESTAHÚS og
GARÐHÚS á tilboði
á heimasíðunni
volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

Kerrurnar frá Humbaur hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg,
mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan.
Verð kr: 399,000,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg,
mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



Load-Master, 750kg sleða-fjór hjóla-golfbílakerra, sturtanleg,
mál: 305x166cm.
Verð kr: 270,000,- án vsk.

Ýmsar gerðir og möguleikar



Topplausnir

www.Topplausnir.is · Sí: 5177718

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Nýtt á Íslandi frá Wörmann kerrum!



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.



WC-vagn ýmsar útfærslur. Leitið upplýsinga.

WÖRMANN
world of trailers

JÓLATRÉSSKEMMTUN FÉLAGS ÁRNESHREPPSBÚA

Félag Árneshreppsbúa hélt í sjötta sinn jólatrésskemmtun fyrir unga fólkið. Skemmtunin var haldin í safnaðarheimili Víðalínskirkju og var aðsóknin með mesta móti. Að sögn Ívars Benedikssonar sóttu 100 manns skemmtunina auk jólasveina. Þeir voru komnir langt

að, alla leið norðan úr Trékyllisvík og glöggir menn töldu sig sjá að þessir jólasveinar væru ættaðir frá fjöllum fyrir ofan Finnbogastaði.

Þegar tíðindamann Vestfirðings bar að garði voru jólasveinarnir komnir suður og nutu óskiptar athygli gesta.



NÝ KYNSLÓÐ

skotbómulyftara

MANITOU
HANDLING YOUR WORLD

HANNAÐUR TIL AÐ

VINNA VERKIN

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt öikumannshús með góðu aðgengi og útsýni.



- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórnstakkar
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómum
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira



Góð viðgerða- og varahlutabjónusta

Manitou er þarfasti þjónninn í dag

til lands og sveita



LEMGA milliveggjasteinar

Framleiddir úr hita- og þrýstihetri steypu

Uppfylla íslenskar reglugerðir

Basískir og innihalda ekki lífræn efni

Myglusveppir þrífast ekki í þeim

Tæknilegir eiginleikar

Brunapól A1 skv. EN 13501

Hljóðeinangrun skv. EN 12354

Rúmpýngd 0,5 kN/m³

Þrýstistyrkur >5 MPa

Varmaleiðni 0,13 [W/(m*K)]

Eiginþyngd 6,0 kN/m²

Leyfileg þrýstispenna 1,0 MN/m²

Gufumótstaða 5/10

Brunapólsflokkur A1

Staðall
IST EN 771-4:20011+A1:2015

Leyfileg frávik
Lengd og breidd ± 1,5mm
Hæð ± 1,5mm

Múrefni
LEMGA múrefni skv. EN 998-2



Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 115 mm



Lengd: 1250 mm
Hæð: 125 mm
Breidd: 115 mm



Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 50 mm

Malarhöfða 10 | 110 Reykjavík | Sími 4 400 400 | www.steypustodin.is

MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111

FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.

YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite
electric



Poly Flex
AUSTRALIA



Navalloy



MAESTRINI



SIMRAD

Siglinga og fiskileitartæki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri




Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Dýptarmælar

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
jóna- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.



Er maginnn í steik?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Omeprazol Actavis, 20 mg magasýrupolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfelld áður en einkennin réna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

